



Fjárlagnefnd Alþingis
Nefndasvið
Auturstræti 8-10
Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2024–2028, 894. Mál

ReykjavíkurAkademíu ses er samvinnuvettvangur sjálfstætt starfandi fræðafólks og er stofnunin skilgreind sem nýsköpunarmiðstöð hug- og félagsvínsinda í styrktarsamning stofnunarinnar við Háskóla- iðnaðar og vísindaráðuneytið.

Athugasemd ReykjavíkurAkademíunnar við fjármálaáætlun fyrir árin 2024-2028 beinist að því að fræðasamfélagið utan háskólanna er hvergi ávarpað þrátt fyrir að þung áhersla sé lögð á mikilvægi rannsókna og nýsköpunar. Sem eitt dæmi af mýmör gum má taka fullyrðinguna að með „sókn í opinberri fjárfestingu, öflugum stuðningi við nýsköpun, rannsóknir og þróun og hagfellið umhverfi fyrir vaxtarsprota samfélagsins er lagður grunnur að nýju hagvxtarskeiði.“

Ástæðan er sú að rannsóknir og nýsköpun á sviði hug- og félagsvínsindi er borin uppi af einstaklingum sem starfa undir eigin kennitölum og í fyrirtækjum sem vegna smæðar sinnar og fjölbreytileika starfseminnar fangast sjaldan upp í mælingum Hagstofunnar. Því ná aðgerðir stjórnvalda ekki til þess hluta fræðasamfélagsins sem þó gengir veigamiklu hlutverk þegar kemur að því að hlúa að rannsóknum og nýsköpun á sviði hug- og félagsvínsinda og er uppstöðulón mannauðs og þekkingar háskólasamfélagsins og skiptir sköpum fyrir unga rannsakendur sem vilja nýta menntun sína og þekkingu til þess að stunda sjálfstæðar rannsóknir. Af sömu ástæðu er aðgengi fræðafólks utan háskólanna að fjármagni til rannsókna takmarkað. Það er breyting frá því sem áður var og skýrist af því að styrkveitingum Rannsóknasjóðs er í dag kerfisbundið beint að því að styrkja rannsóknir innan háskólanna.

Staðan er alvarleg og verði eftir því leitað lýsa fulltrúar ReykjavíkurAkademíunnar yfir vilja til þess að útskýra með gögnum og nánari upplýsingum það mikilvæga hlutverk sem fræðafolk utan háskólanna gegnir í samfélagini og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að auka sýnileika þess í hagkerfinu.

Virðingarfyllst,



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri
annath@akademia.is